



### 431. fundur Þingvallanefndar

Fundinn haldinn í Þingvallabæ þann 2. júní 2017 kl. 15:20. Fundinn sátu Vilhjálmur Árnason formaður, Theodóra S. Þorsteinsdóttir varaformaður, Páll Magnússon og Hanna Katrín Friðriksson var í símasambandi.

Auk þess sátu fundinn starfsmenn Þjóðgarðsins Ólafur Örn Haraldsson Þjóðgarðsvörður og Einar Sæmundsen fræðslufulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. Bratti í Botnssúlum.

Þingvallanefnd staðfestir fyrri samþykkt um leyfi til að fjallaskáli Íslenska alpklúbbsins, Ísalp, verði fluttur og reistur í Súlnadal og að stærð hans verði 70 fm.

2. Rafstrengur.

Samþykkt framkvæmd við lagningu rafstrengs frá Haki um land Brúsastaða að Þjónustumiðstöð á Leirum og að Þinghelgi. Minjavörður hefur skoðað línustæðið og samþykkt. Rarik hefur verið í samstarfi við ábúendur á Brúsastöðum

3. Gjábackaland nr. 8.

Formanni var falið að kanna möguleika að nýta forkaupsrétt.

4. Veitingabíll

Erindi um rekstur veitinga úr bíl á bílastæðum Þjóðgarðsins hafnað

5. Neðristígur 10.

Erindi um kaup Þingvallanefndar á sumarhúsi hafnað.

6. Vegabætur á vegi 36 í gegnum Þjóðgarðinn

Fulltrúar vegagerðarinnar kynntu forsendur hugmyndir og fyrirætlanir um vegabætur á vegi frá Þjónustumiðstöðinni að Vallarvegi/Arnarfelli í austri. Þingvallanefnd felur Þjóðgarðsverði að vera í sambandi við ráðgjafa Þjóðgarðsins til að meta breyttar hugmyndir Vegagerðarinnar að hönnun vegar í gegnum Þjóðgarðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00